

Íslenska gámafélagið ehf.
Koparsléttu 22
162 Reykjavík - Dreifbýli

Reykjavík, 7. mars 2022
UST202103-401/S.S.
08.14.01

Efni: Starfsleyfi fyrir móttöku og meðhöndlun spilliefna - Íslenska gámafélagið

Vísað er til starfsleyfis Íslenska gámafélagsins ehf., kt. 470596–2289, fyrir móttöku og meðhöndlun spilliefna að Kalksléttu 1, 162 Reykjavík., sem gefið var út þann 6. september 2021 og gildir til 6. september 2037.

Umhverfisstofnun bendir á að þann 24. febrúar 2022 felldi úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, í máli nr. 153/2021, úr gildi ákvörðun Umhverfisstofnunar frá 6. september 2021 um að veita Íslenska gámafélaginu ehf. starfsleyfi fyrir móttöku og meðhöndlun spilliefna að því er varðar heimild fyrir starfsemi að Koparsléttu 22 í Reykjavík. Að öðru leyti stendur ákvörðunin óröskuð. Í umræddu starfsleyfi var gert ráð fyrir því að Íslenska gámafélaginu ehf. væri heimilt að taka á móti og meðhöndla spilliefni að Koparsléttu 22 þar til aðstaða spilliefnamóttöku að Kalksléttu 1 yrði tilbúin til notkunar. Sú heimild hefur verið felld úr gildi af úrskurðarnefndinni.

Komst úrskurðarnefndin að þeirri niðurstöðu að starfsemin samræmist ekki skipulagi á Koparsléttu 22 sem er skilgreind sem athafnasvæði. Að mati úrskurðarnefndarinnar samræmist starfsemi sem felur í sér móttöku og meðhöndlun spilliefna, ekki landnotkuninni athafnasvæði í skilningi skipulagsreglugerðar. Eru því skilyrði 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998, um samræmi starfsleyfis við skipulag samkvæmt skipulagslögum, ekki uppfyllt hvað varðar starfsemi að Koparsléttu 22. Umhverfisstofnun bendir á að með hliðsjón af meðalhófsreglu 12. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 felldi úrskurðarnefndin aðeins úr gildi ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu leyfis að því er varðar Koparsléttu 22. Starfsleyfið gildir áfram hvað varðar Kalksléttu 1.

Að framangreindu virtu tilkynnist hér með að Umhverfisstofnun fyrirhugar að uppfæra umrætt starfsleyfi til samræmis við úrskurð úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, í máli nr. 153/2021. Slík uppfærsla er ekki stjórnvaldsákvörðun og því ekki kæránleg.

Virðingarfyllst,

Sverrir A. Jónsson
teymisstjóri

Sigríður Skaftadóttir
lögfræðingur